



**Frumvarp til laga um: byggðarleyfi, um söluskatt til bæjar-
og sveitarsjóða, um breytingu á lögum nr. 106, 23. júní 1936
um útsvör, um breytingu á lögum nr. 39, um afstöðu
foreldra til óskilgetinna barna 1939, um breytingu á lögum
um útsvör nr. 106, 23. júní 1936 öll frá 16. febrúar 1939 o.fl**

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Byggðarleyfi –Bæjarsjóður – Sveitasjóðir – 1936 - 1939

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnámálamaðurinn
Askja 2-3, Örk 3

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

F r u m v a r p

til laga um byggðarleyfi.

1. gr.

Heimilt er atvinnumálaráðherra að veita bæjar- eða sveitarstjórn, þar sem mikil atvinnuleysi er eða fjárhagur bæjar- eða sveitarfélags sérstaklega erfiður, heimild til þess að banna innflutning fólks til búsetu. Aðalregla sé, að til greina komi aðeins þau bæjar- eða sveitarfélög, sem styrks njóta úr Jöfnunar- sjóði bæjar- og sveitarfélaga. Ekki má veita slíka heimild til lengri tíma í einu en 5 ára en endurnýja má hana eftir því, sem þörf krefur.

Leita skal ráðherra, áður en hann veitir eða endurnýjar heimildina, álits um petta hjá eftirlitsmanni sveitarmálefna, ef skipaður hefir verið í þeim landshluta.

2. gr.

Nú vill maður flytja inn í bæjar- eða sveitarfélag, sem fengið hefir heimild, skv. 1. gr. og auglýst í lögbirtingablaði, að það noti hana, og sækir hann þá um byggðarleyfi til viðkomandi bæjar- eða sveitarstjórnar, sem metur skilyrði mannsins til sjálfstæðrar fjárhagsafkomu í bæjar- eða sveitarfélagini og veitir leyfi eða synjar um það með tilliti til nefndra skilyrða.

Um byggðarleyfi þurfa ekki að sækja þeir menn, sem flytja á vegu vandamanna, sem framfærsluskyldu hafa við þá að lögum. Ekki heldur starfsmenn ríkisins.

Skjóta má synjun um byggðarleyfi til úrskurðar atvinnumálaráðherra.

3. gr.

Nú flytur maður inn, án þess að sækja um byggðarleyfi, eða prátt fyrir synjun um leyfi og öblast hann þá ekki framfærslu-

rétt þar, heldur á hann óslitinn framfærslurétt í þeim þæ eða sveitarfélagi, sem var hans framfærsluhérað, þegar hann flutti.

Getur bæjar- eða sveitarstjórn krafist þess, að sá maður, eða þeir menn, ef fleiri eru, sem veita aðfluttum manni, sem ekki hefir ~~býggygð~~, aðstöðu til búsetu í bæjar- eða sveitarféluginu, svo sem með því að leigja eða selja honum íbúð, lóð eða jarðarafnot, séu af valdsmanni úrskurðaðir til þess að bera ábyrgð á greiðslu allra lögbodinna gjaldafyrir innflytjandann til bæjar- eða sveitarfélagsins meðan hann dvelur þar, og enn-fremur til að standa straum af framfærslu hans, að því leyti, sem dvalarsveitin kynni að þurfa að gera, að öðrum kosti. En krafid geta þeir framfærslusveitina um endurgjald.-

Þá getur og bæjar- eða sveitarstjórn krafist þess, að innflytjandinn sé með lögregluvaldi fluttur úr framfærsluhéraðinu til framfærslusveitar hans, eða þangað sem sú sveit ráðstafar honum - ef skemmra er - enda sé krafan um burtflutninginn gerð áður en mánður er liðinn frá því bæjar- eða sveitarstjórninni varð kunnugt um innflutning mannsins.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi

Greinargerð.

Astandið í landinu er þannig, að á suma staði flykkist fólk til búsetu, án þess að hafa þar heilbrigð skilyrði til að lifa. Dæmi þarf ekki að nefna, þau eru deginum ljósari.

Leiðandi menn á þessum stöðum verða vitanlega að leggja fullt kapp á það að skapa - eftir því, sem unnt er - heilbrigð skilyrði fyrir fólkið, þar sem það er komið, og fá til þess aðstoð þjóðfélagsins. En reynslan er búin að sýna býsna víða, að því meira sem gert er til umbóta á staðnum, því örari verður straumur fólksins þangað, svo hlutföllin milli atvinnuskilyrða og mannfjölda batnar ekki, heldur lakast og hinum ósjálfbjarga mönnum fjölgar meir og meir.

Petta er þjóðarvoði. Verður því jafnhliða atvinnulífsumbótunum að finna ráð til þess að beina fólksflutningunum, innan þjóðfélagsins, til þeirra staða, sem veita fólkinu sjálfsbjargarabstöðu.

Telja mætti nærgöngula afskiftasemi við frjálsræði manns, sem enn er sjálfbjarga, að skipa honum að flytja búferlum á tiltekinn stað. Hitt er alt annað að banna honum að flytja þangað, sem ekki er rúm fyrir hann eða lífsskilyrði. Það er sama og banna manni að fara í þann bátinn sem ofhlaðinn er fyrir, og er ekki aðeins gert til lífsbjargar honum sjálfum heldur líka öllum þeim, sem fyrir eru í bátnum. Tillögur þær, sem í frumvarpinu felast, eru grundvallaðar á réttmæti og nauðsyn slíkra fyrirskipana.

Í skýrslum, sem gerðar eru árlega vegna Jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga, sést allgreinilega munur á því, hve áhlaðið er í hinum ýmsu framfærsluhéruðum landsins. Árið 1937, en fyrir það ár eru síðustu skýrslur fullbúnar, má finna, ef fólksfjöldi er tekinn með í reikninginn, að í einu framfærsluhéraði er talsvert fleira en þriðja hvert mannsbarn styrkþiggjandi. Í öðru héraði rúmlega fjórði hver maður. En sem betur fer eru líka nálega 30 framfærsluhéruð, sem engan þurfmann hafa á sveitarframfæri það ár. Og svo er áhleðslan á ýmsum

stigum þar á milli.

Rétt er að geta þess að í fyrirspurnum, sem atvinnumálaráðherra sendi bæjarstjórum og oddvitum seint á síðastliðnu ári, var ein spurningin svohljóðandi: "Teljið þér að lög um byggðarleyfi væri til bóta?" Meiri hluti svaranna var játandi. Mikill minnihluti neitaði. Nokkrir svöruðu spurningunni ekki. Nokkrir kváðust ekki geta tjáð sig um þetta, nema fyrir lægi hvernig fyrirkomulag á byggðarleyfi, væri um að ræða. Og vitarlega skiftir fyrirkomulagið miklu máli.

Frumvarp þetta er, eins og það ljóslega ber með sér, aðeins um heimild fyrir atvinnumálaráðherra, sem hefir á hendi yfirstjórn bæjar- og sveitarstjórnarmálefna í landinu, að veita bæjar- og sveitarstjórnunum rétt til að banna innflutning fólks, þegar sérstakar ástæður mæla með því, eða réttara sagt: Þegar þær krefjast þess.

Er það samkv. framansögðu í fullu samræmi við ástand fjárhagsins hjá bæjar- og sveitarfélögum landsins nú að taka upp þvílíka heimild til afskifta af högum manna og háttum. Á heimildin, ef að lögum verður að veita þar sem á liggur forstöðumönnum byggðanna í samráði við yfirstjórnanda þessara mála, hóf-lega en þó sterka aðstöðu, til þess að koma í veg fyrir að menn fari sér og þjóð sinni að voða með því að taka sér búsetur þar sem ekki er hægt að lifa sjálfbjarga lífi.

Mun þetta meðal annars ýta undir það, að gengið verði fastar fram í því en áður að leita uppi og rannsaka, hvar landið hefir best skilyrði að bjóða, en horfið frá því að halda uppi, "á kúnstugan hátt" fjölmenni á lélegum stöðum, með styrkjum til atvinnubóta og fyrirtækjum, sem ekki bera sig. Fólkisíð mun hverfa til framleiðslunnar í þau héruð, sem ekki eru ofsetin, þegar lokum er skotið fyrir, að það komist þangað, sem því, eins og sakir standa nú, sýnist í fljótu bragði auðveldara að lifa, vegna þeirra opinberu aðstoðar, sem þar hefir verið og er veitt af illri nauðsyn, og því þjóðarböl að það búi.

Athugasemdir um hinar einstöku greinar.

Um 1. grein.

Ætlast er til, að aðalreglan verði, að þau ein bæjarfélög og sveitarfélög, sem fá styrk úr Jöfnunarsjóði, geti komið til greina með að fá heimild til að takmarka innflutning fólks til sín. Það eru þau framfærsluhéruð, sem hafa meira en meðal fátækkrabyrði eftir útreikningum þeim, sem lagðir eru til grundvallar í lögum um þennan sjóð. En þar sem ekki er hægt að segja, að reglur sjóðsins séu óskeikull mælikvarði um ástæður framfærsluhéraðanna, þykir réttara að gera ráð fyrir að undantekningar geti átt sér stað frá aðalreglunni.

Ekki þykir rétt að veitt sé heimild til lengri tíma í senn en 5 ára. Hæfilegt að á 5 ára fresti fari fram að nýju athugun á því, hvort rétt sé að takmarka innflutninginn.

Um 2. grein.

Greinin skýrir sig sjálf.

Um 3. grein.

Sjálfsagt er, að sá maður, sem í óleyfi flytur inn, öðlist ekki framfærslurétt.-

Telja verður rétt, að þeir innanhéraðsmenn, sem greiða fyrir bólfestu þess manns, sæti ábyrgð enda mun það ákvæði áhrifamikið til tryggingar því, að lögin verði ekki brotin. Eðlilegt að þeir beri ábyrgð á gjöldum innflytjandans til sveitar, og að á þá falli sú skylda að veita manninum bráðabirgðahjálp, ef með þarf, eins og dvalarsveit er annars skylt að gera.

Loks verður bæjar- eða sveitarstjórn að geta komið því fram, ef henni sýnist rétt, að maðurinn sé fluttur burt með valdi, neiti hann að víkja, en sanngjarnt er að sá réttur sé stuttum tíma bundinn. Ekki má blanda slíkum burtflutningi saman við sveitaflutninginn gamla. Hann er allt annars eðlis,

því hér er um lögbrjót að ræða.

Um 4. grein.

Rétt þykir að lögin öðlist þegar gildi.

Reykjavík, 16. febrúar 1939.

Karl Kristjánsson.

Friðjón Skarphéðinsson
m. fv. um 3. mgr. 3. gr.

Ólafur Sveinbjörnsson

Benedikt Guttormsson.